



Enheten för flerspråkighet, EFF

- Nær til bæði almennra grunnskóla sem og einkaskóla.
- Móðurmálskennsla í grunn-, sér- og framhaldsskólum
- Námsstuðningur á móðurmáli
- Stuðningur í byrjun skólagöngu á móðurmáli
- Kortlagning á móðurmáli
- Prófanir í móðurmálgrein eða í móðurmálsáfanga

Enheten för flerspråkighet

flersprakighet@uppsala.se

018-727 20 26



Móðurmálskennsla

 <p>Grundskola och anpassad grundskola Modersmål är ett ämne som kan läsas hela grundskoletiden.</p>	 <p>Gymnasieskola och anpassad gymnasieskola Modersmål kan läsas i form av modersmålskurser.</p>
 <p>Nationella minoritetsspråk Nationella minoritetsspråk som modersmål i Uppsala kommun</p>	 <p>Fjärrundervisning Fjärrundervisning till eller från andra kommuner.</p>

flersprakighet.uppsala.se



Hverjir eiga rétt á móðurmálskennslu?

(ATH: á ekki við um hin opinberu minnihlutamál)

Nemandi sem á einn forráðarmann með annað móðurmál en sænsku skal vera boðin móðurmálskennslu ef:

1. *Tungumálið er talað daglega á heimili nemandans.*
2. *Nemandi býr yfir grundvallarþekkingu á tungumálinu.*

Nemandinn þarf að tala og skilja tungumálið. Kennsla fer fram á móðurmálinu og fylgir aðalnámsskrá.

Opinber minnihlutamál

Í Svíþjóð eru eftirfarandi minnihlutamál: finnska, meänkieli, samíska, rómaní og jiddíska. Til þess að stunda nám við eitt minnihlutamál þarf maður að tilheyra minnihlutahópnum. Nemandinn þarf hvorki að tala tungumálið heima né hafa grundvallarþekkingu á tungumálinu. Það eru tvær kennsluáætlanir og í umsókninni er hægt að velja hvort nemandinn vill taka kúrsinn sem móðurmálstalandi eða byrjandi.

Enheten för flerspråkighet (EFF) skipuleggur móðurmálskennsluna Uppsala.

Grundvallarþekking

Grundvallarþekking á tungumálinu er skylda í öllum tungumálum nema minnihlutamálunum. Kennarinn metur hæfni nemenda sinna í tungumálinu þegar móðurmálskennslan byrjar. Bæði hlustunarskilningur og munnleg hæfni eru metin. Upplýsingar um grundvallarþekkingu finnur þú á heimasíðu EFF.

Svona sækir þú um

Forráðarmenn nemandans fylla inn umsókn. Eyðublöðin eru í skólanum og á heimasíðu EFF. Fyllið í eyðublaðið, skrifið undir og skilið eyðublaðinu í skóla nemandans. Skólastjóri mun samþykkja umsóknina og sendir hana til EFF, í síðasta lagi 15. júní fyrir komandi skólaár. Umsóknum sem berast eftir 15. júní er ekki hægt að lofa pláss.

Skipulag kennslustunda

Í Uppsala fer kennslan fram utan skólatíma. Kennslustundirnar fara semsagt fram eftir hefðbundna kennslu, oft eftir skóla. Nemendur í árgöngum F-5 fá kennslu í skólanum sínum. Nemendur í árgöngum 6-9 safnast saman í ákveðnum skóla seinnipart dags eða á kvöldin. Ef nemandi á ekki strætókort mun móðurmálskenndarinn dreifa strætómiðum.

Frekari upplýsingar

Á heimasíðu EFF má nálgast frekari upplýsingar um móðurmálskennsluna í Uppsala.

flersprakighet.uppsala.se

